# Kennsluáætlun - náttúrufræði 8. - 10. bekkur

**Bekkur:** 8. - 10. bekkur

**Námsgrein:** Náttúrufræði

**Kennari:** Björgvin Valur Guðmundsson

**Tímafjöldi:** 80 mínútur á viku

## Námsgögn:

**Lykilhæfni:** Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

**Grunnþættir:** Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – *Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun*. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

| **Námsþættir** | **Hæfniviðmið** | **Kennsluhættir** | **Námsmat** |
| --- | --- | --- | --- |
| **Að búa á jörðinni** | Nemendur skulu geta:<br>- Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.<br>- Útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.<br>- Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.<br>- Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.<br>- Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.<br>- Rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum. | Fjallað er um orkugjafa mannkyns og áhrif þeirra á umhverfið og breytingar á því. | Símat í formi kaflaprófa.  Mat í lok annar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Heilbrigði umhverfisins** | Nemendur skulu geta:<br><br>- Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.<br>- Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.<br>- Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita. | | |
| **Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu** | Nemendur skulu geta:<br><br>- Útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.<br>- Útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.<br>- Skýrt tengsl mannfjöldaþróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum. | | |